# Ársskýrsla dómsmálaráðherra
2021



Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið



**Ársskýrsla dómsmálaráðherra**

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7 – 101 Reykjavík
Sími: 545 9000 | dmr@dmr.is

Júní 2022

Ábyrgðarmaður: Jón Gunnarsson
Umsjón: Dómsmálaráðuneytið
Umbrot: Aron Freyr Heimisson & Einar Guðmundsson

© 2022 – Dómsmálaráðuneytið

**stjornarradid.is**

# Efnisyfirlit

**Ávarp ráðherra** 4

**Samantekt um starfsemi ráðuneytisins** 5

Helstu verkefni 2021 7

**Frávikagreining — málefnasvið og málaflokkar 2021** 11

**Ávinningur af ráðstöfun fjármuna** 14

Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða 37

Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila 39



# Ávarp ráðherra

Undirritaður tók við lyklavöldum í dómsmálaráðuneyti síðla árs 2021. Af þeim sökum er því ljóst að þetta ávarp horfir fyrst og fremst til framtíðar.

Í þessu ráðuneyti eru saman komnir mjög þýðingarmiklir málaflokkar sem mynda grunninnviði samfélagsins okkar hvað varðar lög og reglu, almannaöryggi og ekki síst stjórnsýslu hins opinbera í þágu einstaklingsins. Þau verkefni sem ég hef sett á forgang í ráðuneytinu eiga sameiginlegt leiðarstef sem er einfaldari og betri málsmeðferð, aukin skilvirkni og betri nýting fjármuna.

Til þess að þessi markmið náist þarf að auka slagkraft stafrænnar vegferðar hins opinbera. Nú er svo komið á mörgum vegamótum stafrænnar vegferðar að við blasa hindranir. Hindranirnar felast ekki í tækni eða getu fólks til að hagnýta tæknina heldur í úreltum umdæmamörkum eða skorti á svigrúmi í lögum og reglum til að tæknin nái að þjóna fólkinu. Stórt skref til að afnema þær hindranir er sameining allra sýslumannaembætta landsins í eitt umdæmi í einni stofnun. Við viljum nýta mannauðinn og starfsstöðvarnar um allt land til að skila framúrskarandi þjónustu, óháð staðsetningu borgarans eða stjórnsýslustöðvarinnar.

Sérhæfing á einum stað hefur alla burði til að þjónusta allt landið. Þetta er án efa eitt stærsta og mest spennandi byggðamál sem blasir við ríki og sveitarfélögum. Nú reynir á fólk um allt land, bæði íbúa og sveitarstjórnir að sjá og hagnýta öll tækifærin sem felast í þeim óumflýjanlegu breytingum sem eru að verða á samfélaginu.

Þegar horft er til héraðsdómstólanna er sama uppi á teningnum. Þar þarf að sameina dómstóla til að auka sveigjanleika í störfum. Starfsstöðvarnar verði áfram þær sömu en kraftar starfsfólks verða betur nýttir með samstarfi og sameiningu.

Mikilvæg mannvirki þurfa að henta þeim sem þau eiga að nota, ekki síst þegar kemur að innviðum sem snerta öryggi lands og þjóðar. Þrjú stór verkefni eru í gangi á vegum ráðuneytisins og stofnana í þeim efnum. Verið er að reisa nýtt flugskýli fyrir Landhelgisgæsluna á Reykjavíkurflugvelli, sameiginlegt húsnæði fyrir löggæslu- og viðbragðsaðila er í undirbúningi við Kleppsgarða og að lokum er mikil uppbygging fram undan á Litla-Hrauni sem mun bæta bæði öryggi og þjónustu við fanga og aðstandendur þeirra.

Að lokum er vert að nefna mikla vinnu sem er í gangi til að bæta réttarstöðu brotaþola í kynferðisbrotamálum og reyndar aðrar almennar aðgerðir til að bæta málshraða frá lögreglurannsókn til fullnustu refsinga.

# Samantekt um starfsemi ráðuneytisins



# Samantekt um starfsemi ráðuneytisins

Dómsmálaráðuneytið ber ábyrgð á 3 málefnasviðum og 14 málaflokkum:

| 02 Dómstólar | 09 Almanna- og réttaröryggi | 10 Réttindi einst., trúmál og stjórnsýsla ráðuneytisins |
|---|---|---|
| Hæstiréttur | Löggæsla | Persónuvernd |
| Landsréttur | Landhelgi | Trúmál |
| Héraðsdómstólar | Ákæruvald og réttarvarsla | Sýslumenn |
| Dómstólasýslan | Réttaraðstoð og bætur | Stjórnsýsla DMR |
| | Fullnustumál | Útlendingamál |

Starfsemi ráðuneytisins nær til þriggja málefnasviða samkvæmt lögum um opinber fjármál og snerta fjölmörg svið þjóðfélagsins. Þau varða meðal annars almannavarnir, ákæruvald, dómstóla, réttarfar, fullnustu dóma, landhelgisgæslu, löggæslu, persónurétt, sýslumenn og kosningar. Hjá ráðuneytinu starfa rúmlega 50 starfsmenn og heyra 30 stofnanir undir starfsemi þess. Starfsemi stofnana skipast eftir málefnasviðum þannig að undir málefnasviðið dómstólar heyra héraðsdómstólar, Landsréttur, Hæstiréttur og dómstólasýslan. Níu lögregluembætti, Ríkislögreglustjóri, Landhelgisgæslan, ríkissaksóknari, héraðssaksóknari og Fangelsismálastofnun heyra undir málefnasviðið almanna- og réttaröryggi, og Persónuvernd, Útlendingastofnun, kærunefnd útlendingamála og níu sýslumannsembætti undir málefnasviðið réttindi einstaklinga, sem og trúmál og stjórnsýsla dómsmálaráðuneytisins. Ráðuneytið skiptist árið 2021 niður á fimm skrifstofur sem nefnast lagaskrifstofa, skrifstofa almanna- og réttaröryggis, skrifstofa réttinda einstaklinga, skrifstofa fjármála og rekstrar og skrifstofa yfirstjórnar. Í byrjun árs 2022 breyttist nafn lagaskrifstofu í skrifstofu réttarfars og stjórnsýslu um leið og skrifstofa löggjafarmála kom að mestu leyti til dómsmálaráðuneytis úr forsætisráðuneyti.

# Helstu verkefni 2021

Vegna Covid-19 faraldursins þurfti að grípa til margháttaðra aðgerða til að aðlaga starfsemi á vegum ráðuneytis og undirstofnana þess til að starfsemi gengi sem eðlilegast fyrir sig í ljósi sóttvarnaraðgerða. Um var að ræða bráðabirgðaheimildir en einnig varanlegri breytingar á fjarþjónustu og rafrænum lausnum. Einnig voru gerðar breytingar á lögum og reglugerðum til að auka fresti og veita heimildir til að aðlaga þjónustu að sóttvarnarreglum.

Kosningar til Alþingis fóru fram 25. september 2021. Framkvæmd kosninganna þurfti að taka mið af því að Covid faraldurinn var enn í vexti í samfélaginu. Var gerð breyting á lögum um kosningar til Alþingis svo unnt yrði að safna meðmælum með framboðum á rafrænan hátt og að unnt yrði að hafa sérstaka utankjörfundarstaði fyrir þá sem voru í einangrun eða sóttkví vegna Covid. Þá samþykkti Alþingi um miðjan júní 2021 ný kosningalög sem tóku gildi 1. janúar 2022. Með lögunum voru gerðar umtalsverðar breytingar á framkvæmd kosninga m.a. var umsýsla kosninga færð frá dómsmálaráðuneytinu til sérstakrar stofnunar, Landskjörstjórnar.

Dómsmálaráðherra lagði fram á árinu 2021 þrjú frumvörp til breytinga á almennum hegningarlögum. Eitt frumvarpanna fjallaði um svokallað umsáturseinelti, þar sem kveðið var á um að sá sem endurtekið situr um annan mann og sýnir þar með háttsemi sem er til þess fallin að valda hræðslu eða kvíða skuli sæta sektum eða fangelsi allt að 4 árum. Einnig var um að ræða breytingar um kynferðislega friðhelgi þar sem tekið er á brotum sem fela í sér stafrænt kynferðisofbeldi. Loks voru gerðar breytingar á mansalsákvæði hegningarlaga í því skyni að auka réttarvernd þolenda.

Alþingi samþykkti frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á barnalögum sem kveða á um skipta búsetu barna en þar er lögfest ákvæði um heimild foreldra sem ekki búa saman en fara sameiginlega með forsjá barns til að semja um skipta búsetu barns við tilteknar aðstæður.

Áhersla hefur verið lögð á að fjölga kostum rafrænnar þjónustu hjá undirstofnunum ráðuneytisins. Fjölmörg slík verkefni litu dagsins ljós á árinu sem þegar voru í undirbúningi fyrir og eftir að faraldurinn skall á. Má þar nefna stafræna umsókn um ökuskírteini, aukinn fjölda rafrænna eyðublaða hjá sýslumönnum, sjálfsafgreiðslu vottorða, inn-





leiðingu fjarfunda við fyrirtökur. Þá var unnið að stafrænni réttarvörslugátt í réttarvörslukerfinu sem leit dagsins ljós á árinu 2021. Áfram er unnið að því að auka verulega rafræna þjónustu og stafrænar lausnir hjá ráðuneytinu og undirstofnunum þess.

Ráðuneytið hefur unnið markvisst að því að bæta stöðu brotaþola og vinna gegn ofbeldi hvers konar. Auknar áskoranir í þeim málaflokkum fylgdu sóttvarnarráðstöfunum með samkomutakmörkunum og langdvöl landsmanna á heimilum sínum. Tímabundið aðgerðateymi gegn ofbeldi var skipað af dómsmálaráðherra og félags- og barnamálaráðherra.

Teymið var stofnað sem liður í viðbrögðum stjórnvalda við áhrifum Covid-19 faraldursins en á tímum efnahagsþrenginga og áfalla er viðbúið að ofbeldi aukist og í því ljósi ákváðu stjórnvöld að grípa til markvissra aðgerða og vitundarvakningar gegn ofbeldi, einkum heimilisofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Fjölmargar aðgerðir á vegum teymisins, sem unnar voru í samráði við breiðan hóp hagsmunaaðila, eru nú komnar til framkvæmda en þær miða sérstaklega að viðkvæmum hópum, þar með talið börnum, konum af erlendum uppruna, öldruðum og fötluðu fólki, sem reynslan hefur sýnt að eru í meiri hættu en aðrir á að verða fyrir ofbeldi.

Auk átaksins var unnið að lagafrumvörpum sem styrkja stöðu þolenda ofbeldis og mansals sem lögð voru fram á Alþingi á árinu 2021. Má þar nefna breytingar á hegningarlögum og lögum um meðferð sakamála. Í júlí 2020 var samhæfingarmiðstöð fyrir þolendur mansals sett á fót í Bjarkarhlíð. Hefur það verkefni gengið vel og borið góðan árangur. Unnið er að breyttu verklagi varðandi skráningu mála í lögreglukerfið þegar upp kemur grunur um mansal, sem og fræðslu og þjálfun fyrir lögreglumenn og sækjendur.

Alþingi samþykkti frumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á lögreglulögum sem hafði það m.a. að markmiði að lögfesta lögregluráð, ásamt því að efla eftirlit með lögreglu og stuðla að aukinni samvinnu lögreglu við aðrar stofnanir, jafnt hér á landi og erlendis. Þá var reglugerð um embætti ríkislögreglustjóra sett í fyrsta skipti síðan embættið var stofnað árið 1997. Tilgangur hennar er að kveða nánar á um starfsemi, hlutverk og ábyrgð ríkislögreglustjóra samkvæmt lögreglulögum og stuðla að nauðsynlegri samhæfingu og samræmingu í störfum lögreglu.

Í mars 2021 var tilkynnt að ráðist yrði í kaup á varðskipi fyrir Landhelgisgæslu Íslands sem kæmi í stað varðskipsins Týs. Útboð þar sem leitast var eftir öflugu, notuðu skipi fór fram í apríl og síðan var gengið frá samningum um kaup á heppilegu skipi. Allt ferlið tók einungis um 8 mánuði frá fyrstu hugmynd, þar til nýtt varðskip var bundið við bryggju á Siglufirði.

Stjórnvöld hafa nú gefið út endurskoðaða áætlun vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka fyrir árin 2021 til 2023. Aðgerðaáætlunin var unnin af stýrihóp sem dómsmálaráðherra skipar til að vinna að aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Nýja aðgerðaráætlunin er gerð með hliðsjón af helstu ógnum og veikleikum sem nýlegt áhættumat ríkislögreglustjóra hefur leitt í ljós.

Ný stefna í almannavarna- og öryggismálum var samþykkt á árinu. Í stefnunni eru settar fram þær áherslur ríkisstjórnarinnar að standa vörð um traustar almannavarnir og að tryggja órofa virkni mikilvægra innviða.

Sýslumenn opnuðu nýjan vef á island.is. Mikil áhersla var lögð á tæknimál sýslumanna með það að markmiði að bæta starfskerfin



fyrir sýslumenn og þjónustuna gagnvart almenningi. Rekstur kerfanna fór í útboð á árinu og forræði þeirra var fært frá Þjóðskrá Íslands og til sýslumanna. Á meðal helstu verkefna var stóraukin vefþjónusta fyrir rafrænar þinglýsingar þar sem hægt er að aflýsa og þinglýsa fleiri skjaltegundum rafrænt og sjálfvirkt. Birtingar voru hafnar í pósthólfi einstaklinga á Ísland.is beint úr starfskerfum sýslumanna. Rafrænum undirskriftarbúnaði var bætt við virkni starfskerfanna og aukið framboð rafrænna lausna fyrir almenning s.s. vefviðmót fyrir samning um breytingu á lögheimili barns. Unnið var áfram að fjölgun rafrænna lausna þannig að almenningur geti nýtt sér þjónustu sýslumanna hvar og hvenær sem er, allt eftir því sem hentar einstaklingum hverju sinni.

Á árinu var hafinn undirbúningur að endurskipulagningu sýslumannsembættanna með það í huga að gera þau að einu embætti. Slíkt opnar möguleika á nánari verkaskiptingu milli starfsstöðva og sérhæfingu við framkvæmd verkefna á landsvísu.

Málefni persónuverndar hafa verið í brennidepli í samfélaginu samhliða stafrænni þróun á ýmsum sviðum samfélagsins. Mikið hefur mætt á stofnuninni undanfarin misseri og þá hefur Covid-19 faraldurinn jafnframt leitt til aukins álags á starfsemi Persónuverndar. Fyrir liggur að verkefnaálag stofnunarinnar virðist ekki einungis tímabundið heldur viðvarandi. Leitað hefur verið leiða til að bregðast við áskorunum Persónuverndar í þeirri viðleitni að styrkja og styðja við starfsemi stofnunarinnar.

Frumvarp til breytinga á lögum um útlendinga var lagt fram á vorþingi 2021. Frumvarpið lagði meðal annars til breytingar til að tryggja skilvirka afgreiðslu umsókna um alþjóðlega vernd í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar og að þeir sem fái dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða eða sérstakra tengsla við landið séu undanþegnir kröfu um atvinnuleyfi. Veturinn 2021 til 2022 var haldið áfram að endurbæta frumvarpið þar sem það var ekki klárað í meðförum þingsins vorið 2021.

Yfirvöld höfðu margvíslega aðkomu að aðgerðum vegna ástandsins í Afganistan m.a. í gegnum flóttamannanefnd frá ágúst 2021 og er sú vinna enn í gangi. Forsetaúrskurður frá nóvember 2021 gerði ráð fyrir að þjónusta umsækjenda um alþjóðlega vernd myndi flytjast yfir til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins.

Samráðsgáttin fluttist í janúar 2022 með skrifstofu löggjafarmála frá forsætisráðuneyti til dómsmálaráðuneytisins, sem annast umsjón í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Fjöldi mála í Samráðsgátt á árinu 2021 var 241 en árið áður voru þau 273. Heimsóknir á árinu 2021 voru u.þ.b. 126.000 en voru um 187.000 árið áður.

Stjórnarfrumvörp sem urðu að lögum á árinu 2021 höfðu í 80% tilvika verið birt sem drög til opins samráðs á fyrri stigum. Á árinu 2020 var umrætt hlutfall 88% að COVID-málum undanskildum en 60% að þeim meðtöldum. Tekið skal fram að fjárlög, fjáraukalög og staðfesting ríkisreiknings eru utan þessara talna.

Alls bárust á árinu 2021 um 1.298 umsagnir sem er nokkur fækkun frá fyrra ári. Flestar umsagnir bárust um reglugerð um sjálfbæra landnýtingu eða 88. Næstflestar umsagnir bárust um áform um frumvarp til sóttvarnalaga eða 75.

Markmið samráðsgáttarinnar er að auka gagnsæi og möguleika almennings og hagsmunaaðila á þátttöku í stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku opinberra aðila. Þar er á einum stað hægt að finna



öll mál ráðuneyta sem birt hafa verið til samráðs við almenning. Öllum er frjálst að senda inn umsögn eða ábendingu.

www.samradsgatt.is

Á skrifstofu löggjafarmála fer m.a. fram rýni og gæðaeftirlit með stjórnarskjölum, þ.e. frumvörpum og þingsályktunartillögum sem ráðherrar fyrirhuga að leggja fram á Alþingi. Á árinu 2021 bárust 95 frumvörp og 23 þingsályktunartillögur til yfirlestrar. Þar af tengdust 11 stjórnarfrumvörp heimsfaraldri kórónuveiru. Um er að ræða fækkun frá fyrra ári, enda þingsetning í lok nóvember.

## 2.1 Rekstur og fjárfestingar 2021

**Rekstur og fjárfestingar.** Myndin sýnir málefnasvið á forræði dómsmálaráðherra. Óbyggðanefnd og ríkislögmaður tilheyra Almanna- og réttaröryggi en þessar stofnanir eru á ábyrgð forsætisráðherra og eru fjárhæðir þessu tengdar ekki teknar með hér.

Útgjöld dómsmálaráðuneytisins námu samtals 52.5 mö.kr. á árinu 2021.

Stærstur hluti útgjalda ráðuneytisins er til Almanna- og réttaröryggis eða 59,8%.

Raun útgjöld málefnasviða (m.kr.)



# Frávikagreining — málefnasvið og málaflokkar 2021

# Frávikagreining – málefnasvið og málaflokkar 2021

**Tafla 1.** Rekstur og tilfærslur – málefnasvið og málaflokkar.

| | Málefnasvið | Rauntölur ársins | Fjárheimildir | Fjárheimildir frá fyrra ári | Frávik frá fjárheimildum | Frávik % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **02** | **Dómstólar** | **3.191.727.151** | **3.429.150.491** | **153.611.058** | **237.423.340** | **6,9%** |
| | 0210 - Hæstiréttur | 248.093.938 | 257.274.781 | 22.973.534 | 9.180.843 | 3,6% |
| | 0220 - Héraðsdómstólar | 1.855.240.350 | 2.031.524.073 | 68.660.570 | 176.283.723 | 8,7% |
| | 0230 - Landsréttur | 772.817.463 | 790.383.183 | 29.946.954 | 17.565.720 | 2,2% |
| | 0240 - Dómstólasýslan | 315.575.400 | 349.968.454 | 32.030.000 | 34.939.054 | 9,8% |
| **09** | **Almanna- og réttaröryggi** | **31.416.940.647** | **31.529.025.443** | **453.861.781** | **112.084.796** | **0,4%** |
| | 0910 - Löggæsla | 19.134.933.853 | 19.459.313.125 | -511.381.445 | 324.379.272 | 1,7% |
| | 0920 - Landhelgi | 5.992.589.338 | 5.869.986.354 | 76.347.877 | -122.602.984 | -2,1% |
| | 0930 - Ákæruvald og réttarvarsla | 1.531.852.002 | 1.562.183.995 | 29.878.199 | 30.331.993 | 1,9% |
| | 0940 - Réttaraðstoð og bætur | 2.508.038.165 | 2.419.500.000 | 0 | -88.538.165 | -3,7% |
| | 0950 - Fullnustumál | 2.249.527.289 | 2.218.041.969 | -48.706.412 | 31.485.320 | -1,4% |
| **10** | **Rétt. einstakl., trúmál og stjórnsýsla dómsmála** | **17.956.227.094** | **17.125.930.293** | **240.387.312** | **830.296.801** | **-4,8%** |
| | 1010 - Persónuvernd | 320.409.754 | 309.937.761 | 378.852 | -10.471.993 | -3,4% |
| | 1020 - Trúmál | 8.100.430.643 | 8.120.700.000 | 0 | 20.269.357 | 0,2% |
| | 1030 - Sýslumenn | 3.181.992.689 | 3.201.498.235 | -46.383.384 | 19.505.546 | 0,6% |
| | 1040 - Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis | 2.257.677.546 | 1.896.198.122 | 125.748.496 | -361.479.424 | -19,1% |
| | 1050 - Útlendingamál | 4.095.716.462 | 3.597.596.175 | -320.131.276 | 498.120.287 | -13,8% |

- Málefnasvið 2 er 6,9% innan heimilda, málefnasvið 10 er 4,8% umfram heimildir en frávik málefnasviðs 9 er óverulegt. Hér verður gerð grein fyrir helstu frávikum málaflokka.

- Heildarfrávik **málefnasviðs 2 Dómstólar**, er 237 m.kr. meðal annars vegna þess að verkefni hjá Dómstólasýslunni sem ráðgerð voru á árinu frestuðust af óhjákvæmilegum ástæðum fram yfir áramót. Afgangur hjá héraðsdómstólum myndaðist fyrst og fremst á launaliðnum, einkum vegna ólaunaðra leyfa dómara frá störfum.

- Frávik **málaflokks 9.1 Löggæsla**, var 324 m.kr. innan ársins en frávik frá fyrra ári -511 m.kr. þannig að heildarfrávik eru -187 m.kr.

- Rekstur Ríkislögreglustjóra var 48 m.kr. innan heimilda ársins en halli fyrri ára gerir það að verkum að árið endar 177 m.kr. í mínus. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum er 147 m.kr. innan heimilda, eftir á að ganga frá stofnanasamningum. Lögreglustjórinn á Suðurlandi er 65 m.kr. innan heimilda, ýmsar skýringar eru fyrir því, en meginástæðan er breyttur vinnutími. Erfitt hefur verið að fá menntaða lögreglumenn til starfa og því margir afleysingamenn við embættið.

- **Réttaraðstoð og bætur, málaflokkur 9.4**, var 88 m.kr. umfram fjárheimild en hér er um að ræða málskostnað í opinberum málum, bætur brotaþola og réttaraðstoð sem ráðast af utanaðkomandi þáttum.

- **Málaflokkur 10.4, stjórnsýsla dómsmálaráðuneytisins**, var 361 m.kr. umfram heimildir ársins. Það skýrist fyrst og fremst af Schengen liðnum en þar frestuðust endurgreiðslur frá ESB fram yfir áramót. Kosningaliðurinn var 139 m.kr. umfram heimildir. Hallinn er tilkomin vegna Covid-ráðstafana og nýrra tæknibreytinga.

- Heildarfrávik **málaflokks 10.5 Útlendingamál**, er 498 m.kr. umfram heimildir, halli fyrri ára á lið 06 399 er 346 m.kr. Skýringin á frávikum þessa árs er að ekki næst að flytja fólk úr landi sem búið er að fá synjun.



# Ávinningur af ráðstöfun fjármuna

# Ávinningur af ráðstöfun fjármuna

## Markmið, mælikvarðar og aðgerðir

Á næstu síðum verður farið yfir markmið og aðgerðir þeim tengdum í málaflokkum dómsmálaráðuneytisins sem sett voru fram í frumvarpi til fjárlaga 2021. Umfjöllun er kaflaskipt eftir málaflokkum. Staða aðgerða miðast við árslok 2021.

Í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál skal ráðherra setja fram stefnu fyrir þau málefnasvið og málaflokka sem hann ber ábyrgð á til eigi skemmri tíma en fimm ára. Ekki er ólíklegt að í þeirri stefnumótunarvinnu sem unnin verður á næstu misserum verði breytingar á þeim markmiðum og mælikvörðum sem áður hafa verið sett fram.

### Dómstólar Málefnasvið 2

Sömu markmið gilda fyrir alla dómstóla

### Verkefni/aðgerðir

| Málaflokkar | Staða og fjöldi aðgerða | | | | | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | ● Aðgerð ekki hafin | ● Undirbúningur hafinn | ● Aðgerð hafin | ● Aðgerð komin vel á veg | ● Aðgerð lokið | |
| Dómstólar | 0 | 1 | 3 | 3 | 0 | 7 |
| **Samtals aðgerðir** | **0** | **1** | **3** | **3** | **0** | **7** |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið



**Markmið 1:** Réttlát og opinber málsmeðferð.

| HM | Mælikvarðar fyrir markmið 1 | | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|---|---|
| 16.6<br>16.3 | Málsmeðferðartími (meðaltal) í mánuðum. | Hæstiréttur | 6-7 mánuðir frá áfrýjun að dómsuppsögu. | 12 mánuðir | 7 mánuðir í em<br>5 mánuðir í sakamálum |
| 16.6<br>16.3 | Málsmeðferðartími (meðaltal) í mánuðum. Í áfrýjuðum einkamálum. | Landsréttur | Í vinnslu | 8-12 mánuðir. | 12 mánuðir í em<br>8 mánuðir í sakamálum |
| 16.6<br>16.3 | Málsmeðferðartími (meðaltal) munnlega fluttra einkamála í dögum. | Héraðsdómstólar | 371 dagur | 300 dagar | 363 dagar í em<br>139 dagar í sakamálum |

**Markmið 2:** Aukin skilvirkni og gæði.

| HM | Mælikvarðar fyrir markmið 2 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|---|
| 16.6 | Hlutfall stafrænna gagna. | Gögn send rafrænt til og frá dómstólum og á milli dómstóla. Skjáir og fjarfundir nýttir o.fl. | 30% | Orðalagi mælikvarðans breytt. |

**Markmið 3:** Aukið traust til dómstóla.

| HM | Mælikvarðar fyrir markmið 3 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|---|
| 16.6 | Traust til dómstóla mælt í könnun í prósentum. | 37 | 50 | 46 |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1, 2 og 3 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Gagnaflutningur á milli dómstiga, rafræn sending gagna frá héraði til Landsréttar. | Aðgerð hafin | Búið er að tengja saman málaskrár héraðsdómstólanna og Landsréttar og eru öll kærumál send rafrænt þar á milli. Landsréttur hóf að senda héraðsdómstólum gögn í gegnum vefgátt. Þá er unnið að því að auka möguleika á frekari rafrænum sendingum á milli dómstiga með þátttöku í verkefni um réttarvörslugátt. Unnin var greining á því í hvaða mæli hægt er að auka gagnasendingar milli kerfanna enn frekar. Frekari aukning er að miklu leyti háð lagabreytingum. |
| Áframhaldandi þróun málaskrár héraðsdómstóla og Landsréttar. | Komin vel á veg | Áframhaldandi ítrun og umbætur hafa farið fram á málaskrá héraðsdómstólanna. Unnið hefur verið að notendavænni útgáfu, tenging málaskrár við Fjársýslu ríkisins kláruð, tengingu hennar við réttarvörslugáttina komið á og unnið að því að meiri upplýsingar skráist sjálfkrafa í málaskrá. Skýrslustjórnborði með aðgangi stjórnenda að tölfræðiskýrslum komið upp. |
| Rafræn málsmeðferð frá þingfestingu fram að aðalmeðferð máls. Endurskoðuð löggjöf. | Aðgerð hafin | Vinna hafin við greiningu á núverandi lagaumhverfi og þeim breytingum sem verða á málsmeðferð með stafrænni þróun réttarfars. |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 2 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Rafræn skil dómsmálagagna. | Aðgerð hafin | Unnið að því að auka magn gagna sem berast á rafænan hátt, meðal annars í gegnum tengingu við réttarvörslugátt en frumforsenda þess að rafræn skil til Þjóðskjalasafns geti orðið að veruleika er að gögnin berist rafrænt fremur en að þau séu skönnuð. Endurupptökudómur fær rafrænt eintak af öllum skjölum og undirbúningur fyrir umsókn um rafræn skil hófst. Bréfabók HDR, HDNE, HDNV, HDV og HDS nú færð í málaskrána. |
| Innleiðing á upplýsingatæknistefnu dómstólanna. | Komin vel á veg | Unnið að stafrænum lausnum, þ.á m. tryggðar ytri tengingar málaskrár héraðsdómstólanna við réttarvörslugátt, fjársýsluna og Island.is. Unnið að bættu aðgengi að tölfræðiupplýsingum, uppfærslu á netbúnaði dómstólanna, uppsetningu á þráðlausu neti og almennri fræðslu til starfsmanna á upplýsingatæknimálum. |
| Talgreinir þróaður. | Undirbúningur hafinn | Vinna hafin að þarfagreiningu og mati á fyrirliggjandi tæknilausnum. |
| Innleiðing fjarfundabúnaðar. | Komin vel á veg | Þarfagreining á uppsetningu á sérstökum fjarfundabúnaði í ákveðnum dómsölum. Búnaður valinn og uppsetningu hans að mestu lokið í dómsölum. |

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

# Almanna- og réttaröryggi Málefnasvið 9

## Verkefni/aðgerðir

| Málaflokkar | Staða og fjöldi aðgerða: Aðgerð ekki hafin | Undirbúningur hafinn | Aðgerð hafin | Aðgerð komin vel á veg | Aðgerð lokið | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 9.1 Löggæsla | | | 3 | 6 | | 9 |
| 9.2 Landhelgi | 1 | | 2 | 2 | 1 | 6 |
| 9.3 Ákæruvald og réttarvarsla | | | 1 | 2 | 1 | 4 |
| 9.5 Fullnustumál | | | 3 | | 3 | 6 |
| **Samtals aðgerðir** | **1** | **0** | **9** | **10** | **5** | **25** |

● Aðgerð ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Aðgerð komin vel á veg ● Aðgerð lokið

# Löggæsla Málefnasvið 9.1

**Markmið 1:** Besta mögulega þjónustustig.

| Mælikvarðar fyrir markmið 1 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|
| Viðbragðstími lögreglu vegna útkalla. | Verkefnið undirbúið og forritun komin langt á veg. | Mælingar liggi fyrir um viðbragðstíma í öllum umdæmum landsins. | Mæling liggur fyrir um viðbragðstíma í mörgum umdæmum. Innleiðing hafin. Unnið er að söfnun upplýsinga um fjölda lausra ökutækja. |

| Mælikvarðar fyrir markmið 1 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall þeirra sem hafa orðið fyrir kynferðisbroti og tilkynntu það til lögreglu*. (*samkvæmt spurningakönnun RLS) | Hlutfall hafi aukist frá 2018. | Hlutfall hafi aukist frá 2018. | 7,00% |
| Ánægja með: | | | |
| **a.** Hlutfall þeirra sem sögðu lögreglu skila mjög eða frekar góðu starfi. | **a.** 30% mjög ánægð<br>90% mjög eða frekar ánægð | 90% | 86,40% |
| **b.** Hlutfall þeirra sem sögðust mjög eða frekar ánægð með þjónustu lögreglu. | **b.** 50% mjög ánægð<br>90% mjög eða frekar ánægð | 90% | 83,50% |

## **Markmið 2:** Hæsta mögulega öryggisstig.

| Mælikvarðar fyrir markmið 2 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|
| Áhættumæling í umdæmum lögreglu. | Áhættuskoðun í öllum umdæmum. | Komin til framkvæmdar í öllum umdæmum. | Í undirbúningi. |
| Greiningar og tölfræðiskýrslur. | Fallið frá mælikvarða þar sem mælaborðið hefur ekki verið tekið í notkun. | | |

| **Aðgerðir sem styðja við markmið 1 og 2** | **Framkvæmt 2021** |
|---|---|
| Innleiðing löggæsluáætlunar. | Margvísleg verkefni voru unnin á árinu til að lögreglan verði enn betur í stakk búin til þess að gæta almannaöryggis, halda uppi lögum og reglu og tryggja réttaröryggi og stjórnarskrárvarin réttindi borgaranna í takt við samfélagslega og tæknilega þróun. Sem dæmi má nefna að markvisst hefur verið unnið að því að bæta almenna menntun lögreglumanna, diplómanám hefur verið endurskoðað til samræmis við þau verkefni sem lögreglumönnum eru falin og nemendum fjölgað. |
| Árangursmælaborð lögreglu og árangursmælingar. | Lögregla hefur aðgang að og er farin að nota mælaborð til að fylgjast með nánast öllum sviðum starfsemi sinnar. Árangursmælikvarðar löggæsluáætlunar eru tilbúnir og er verið að gera aðgengilega. Aðgerð komin vel á veg. |
| Tryggja að menntun og þjálfun landamæravarða og lögreglu standist þau viðmið sem fram koma í kjarnanámskrá Landamæra- og strandgæslustofnunar Evrópu (Frontex). | Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar hefur verið að vinna að því að setja upp námskrá og námsefni sem tekur mið af kjarnanámskrá og hæfnisviðmiðunum sem byggir á stofnreglugerð Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu. Búið er að vinna námsefni sem er að stórum hluta vendinám og var það gert aðgengilegt fyrir starfsfólk lögreglu í september. Unnið er að frekari þróun á vendináminu ásamt því að undirbúa framhalds- og símenntun, en námið tekur mið af mennta- og starfsþróunaráætlun sem er til næstu fimm ára. |
| Endurnýja og auka búnað á landamærastöðvum. | Í gildi er samningur sem gerir ráð fyrir kaupum á ýmsum búnaði fyrir innleiðingu á Inn og útskráningarkerfi Evrópusambandsins (Entry exit system). Fyrra fasa er lokið og er nú unnið að innleiðingu á tækjabúnaði í öðrum fasa. |
| Farþegalistagreining og uppfærsla gagnakerfa lögreglu. | Nýtt kerfi til farþegareiningar var tekið í notkun og sérstök deild stofnuð innan embættis ríkislögreglustjóra. Tenging kerfisins við gagnagrunna lögreglu er á lokastigi og unnið er að skilgreindum hlutverkum annarra embætta sem koma að verkefninu. Gert er ráð fyrir að verkefnið verði að fullu innleitt á þriðja ársfjórðungi 2022. |

Ekki hafin · Undirbúningur hafinn · Aðgerð hafin · Komin vel á veg · Lokið

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 og 2 | Framkvæmt 2021 |
|---|---|
| Styrking almennrar löggæslu og rannsóknar mála til að ná þjónustustigi og mæta fjölgun ferðamanna. | Aðgerð hafin og til vinnslu varðandi fyrri hlutann en ákveðinn forsendubrestur var á árinu 2021 varðandi fjölgun ferðamanna. |
| Unnið að rafrænu gagnaflæði milli stofnana réttarvörslukerfisins sem tryggir yfirsýn og rekjanleika mála innan þess. | Vinna við rafrænan gagnaflutning á milli kerfa er hafin í gegnum verkefnið um réttarvörslugátt og er unnið að áframhaldandi tengingum eftir því sem málategundum sem fara í gegnum kerfið fjölgar. |
| Tæknivæðing lögreglubíla svo mæla megi neyðarútkallsviðbragð og auka skilvirkni við framkvæmd lögreglustarfa. | Flotastýringakerfi lögreglu var tekið upp hjá öllum umdæmum fyrir lok árs 2021. Verið er að ljúka innleiðingu kerfisins og vinna með að setja upplýsingar úr kerfinu fram með skipulögðum hætti. Vel á veg komið. |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 2 | Framkvæmt 2021 |
|---|---|
| Samhæfingarmiðstöð lögreglu í öllum umdæmum. | Í dag eru lögregluembættin á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Suðurlandi og Norðurlandi eystra komin með full uppsettar aðgerðastjórnir og verið er að vinna í að byggja upp aðgerðarstjórnir hjá öðrum embættum sem eru misvel á veg komnar. Fyrir liggja fyrstu drög að „Handbók fyrir aðgerðastjórnir“ sem er nú í yfirlestri og rýni hjá Almannavarnadeild. |
| Bættur búnaður lögreglu: Varnar- og öryggisbúnaður vegna hryðjuverkavarna og stórfelldra ofbeldisbrota, almennur búnaður vegna löggæslustarfa, rannsóknarbúnaður og annar tæknibúnaður. | Árið 2021 var leitað leiða að efla bæði tækni- og lögreglubúnað. Verulega auknum fjármunum var varið til að efla tæknilega getu lögreglu vegna sérhæfðra rannsókna, s.s. skipulagðri brotastarfsemi og styður það verkefni lögreglu um allt land. Þá hófst vinna hjá RLS til að kortleggja umfang og þarfir á búnaði almennrar löggæslu. Vinna að hefjast með embættum hvað þetta varðar, sem og tilraunaverkefni með Ríkiskaupum. Nýtt lífkennakerfi lögreglu var boðið út árið 2021. |

Ekki hafin · Undirbúningur hafinn · Aðgerð hafin · Komin vel á veg · Lokið

# Landhelgi Málefnasvið 9.2

**Markmið 1:** Tryggja almannaöryggi, löggæslu og eftirlit í auðlindalögsögu Íslands í samræmi við öryggis-og þjónustustig.

| Mælikvarðar fyrir markmið 1 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|
| Landamæraeftirlit um borð í skipum í íslenskri lögsögu. | 0 (Beðið er eftir þjálfun sem verið er að vinna að í samvinnu við Mennta og starfsþróunarsetur lögreglunnar). | 6 | 0 |
| Viðbrögð við greiningum á gervitunglamyndum. (LHG fær 90 gervitunglamyndir á ári frá EMSA til greiningar á mengun og skipum). | 80% | 90% | Gögn í vinnslu |
| Fjöldi skyndiskoðana um borð í skipum innan efnahagslögsögunnar. | 258 | 250 | 74 |

**Markmið 2:** Viðbúnaður í leit og björgun verði í samræmi við öryggis- og þjónustustig.

| Mælikvarðar fyrir markmið 2 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|
| Björgunarþjónusta með þyrlu innan efnahagslögsögu Íslands er möguleg innan sex klst. þar á meðal samningsbundin þjónusta við NATO. | 53% | 80% | 55% |
| Björgunarþjónusta með varðskipi innan efnahagslögsögu Íslands er möguleg innan 24 klukkustunda. | 48 tímar 360 dagar á ári. Ótrygg geta 5 daga á ári. | 48/365 | 48/365 |
| Björgunarþjónusta með flugvél innan leitar- og björgunarsvæðis Íslands er möguleg innan sex klukkustunda. | 20% ársins | 57% | 8,50% |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 og 2 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Ákvörðun um kaup eða leigu á þremur nýjum þyrlum. | ● | Aðgerð var frestað. Verður tekin ákvörðun á árinu 2022 hvort vélar verði leigðar eða keyptar til frambúðar. |
| Tryggja viðunandi húsnæði undir loftför LHG. | ● | Aðgerð komin vel á veg. Bygging húsnæðis hófst árið 2021 og gert ráð fyrir að ljúki árið 2022. |
| Þarfagreining á varðskipum og áhöfnum á þau. | ● | Aðgerð breyttist og ákvörðun var tekin um að kaupa nýtt varðskip, Freyju árið 2021. Freyja sigldi í nýja heimahöfn á Siglufirði 6. nóvember 2021. |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Áframhaldandi vinna við mælingar á hafsbotninum við Ísland með nútíma tækni og í samræmi við áætlun LHG og samning við atvinnuvegaráðuneyti. | ● | Aðgerð komin vel á veg, áætlað að átaksverkefni atvinnuvegaráðuneytisins með samningi við Hafrannsóknarstofnun ljúki árið 2026. |

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## Ákæruvald og réttarvarsla Málefnasvið 9.3

**Markmið 1:** Aðgengi almennings til að setja fram kærur sé greitt, rannsóknir hefjist án óeðlilegra tafa, þeim sé sinnt af fagmennsku, rannsókn og ákærumeðferð sé lokið innan eðlilegs tíma með ákvörðun um hvort ákæra verði gefin út og meðferð máls sé í samræmi við málsmeðferðarreglur, unnin af vandvirkni og mannréttindi virt í hvívetna.

| Mælikvarðar fyrir markmið 1 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|
| Unnið að mælikvörðum fyrir lögreglu og ákæruvald varðandi rannsókn og ákærumeðferð sakamála. | 7 af 11 embættum hafa sett sér markmið. | Öll embætti hafa sett sér markmið varðandi málsmeðferðartíma og gæði málsmeðferðar sem ríkissaksóknari samþykkir. | 8 embætti hafa sett sér markmið varðandi málsmeðferfatíma í tilteknum brotaflokkum. |

**Markmið 2:** Öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt.

| Mælikvarðar fyrir markmið 2 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|
| Rafrænt gagnaflæði/ þjónustugátt sem uppfylli kröfur um viðunandi gagnaöryggi fyrir viðkvæm gögn. | Sjá. 10.4 | Sjá. 10.4 | Sjá. 10.4 |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 og 2 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Ríkissaksóknari heldur málstofur og námskeið fyrir ákærendur til að auka gæði ákæruvaldsstarfa. | ● (Lokið) | Á árinu 2021 voru haldin 5 símenntunarnámskeið fyrir ákærendur og vörðuðu þau ýmis svið, m.a. alþjóðlega réttaraðstoð, fíkniefnabrot, sáttamiðlun, mútur, spillingu og peningaþvætti, sönnunarmat í kynferðisbrotum og einnig var haldið námskeið með fyrirlesurum frá Norðurlöndunum um íslenska mansalsákvæðið og norrænan samanburð hvað þau brot varðar. |
| Unnið að breytingum á eigin kerfum og samtengingu þeirra sem gerir mögulegt að flytja gögn rafrænt þvert á stofnanir réttarvörslukerfisins. Þátttaka í verkefnum um Réttarvörslugátt. | ● (Aðgerð hafin) | Vinna við rafrænann gagnaflutning á milli kerfa er hafin í gegnum verkefnið um réttarvörslugátt og er unnið að áframhaldandi tengingum eftir því sem málategundum sem fara í gegnum kerfið fjölgar. |
| Málsmeðferð kynferðisbrota bætt í samræmi við aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota. | ● (Komin vel á veg) | Aðgerðir stjórnvalda á árinu 2021 beindust í meginatriðum að bættri réttarstöðu þolenda kynferðisbrota, auknum málshraða í réttarvörslukerfinu og aukinni fræðslu, bæði innan lögreglunnar sem og fræðslu og forvörnum um kynferðislegt ofbeldi meðal ungmenna á grunnskólaaldri. |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 2 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Unnið að aðgerðum og áherslumálum í tengslum við varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. | ● (Komin vel á veg) | Samþykkt var ný aðgerðaráætlun vegna aðgerðar gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka fyrir árin 2021-2023 og hafin vinna eftir henni. |

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## Fullnustumál Málefnasvið 9.5

**Markmið 1:** Fullnustuyfirvöld verði í stakk búin til að fullnusta refsingar með öruggum, skilvirkum og árangursríkum hætti í samræmi við samfélagslega og tæknilega þróun og að tryggja að sérstök og almenn varnaðaráhrif refsinga séu virk.

| Mælikvarðar fyrir markmið 1 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|
| Breytingar í samræmi við áhættumat stuðla að öruggari og betri aðstæðum fyrir bæði fanga og starfsmenn. | Búið er að skila þarfagreiningu fyrir Litla-Hraun til dómsmálaráðuneytisins og er hún í vinnslu. | Unnið að viðmiðum 2020 og þróun til næstu ára byggð á þarfagreiningu. | Víðtæk þarfagreining og kostnaðarmat liggur fyrir. Framkvæmdir munu hefjast árið 2022. Verkaskipting milli meðferðarsviðs FMS og geðheilsuteymis liggur fyrir. Ekki nægur fjöldi starfsmanna á meðferðarsviðið FMS. |
| Talning dómþola á boðunarlista. | 706 | 300 | 579 |
| Talning fyrndra refsinga. | 22 | 0 | 28 |

**Markmið 2:** Stuðla að farsælli aðlögun dómþola að samfélaginu.

| Mælikvarðar fyrir markmið 2 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|
| Tölur um endurkomu. | Fyrstu tölur benda til þess að endurkomutíðni hafi ekki hækkað. | Endurkomutíðni hækki ekki. | 21% |

**Markmið 3:** Öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt.

| Mælikvarðar fyrir markmið 3 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|
| Rafrænt gagnaflæði / þjónustugátt sem uppfylli kröfur um viðunandi gagnaöryggi fyrir viðkvæm gögn. | Sjá 10.4 | Sjá 10.4 | Sjá 10.4 |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 og 2 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Skilgreina verklag og ábyrgð innan fangelsanna með hliðsjón af nýju geðheilsuteymi. | Komin vel á veg | Búið er að aðgreina verkefni sem falla undir ábyrgð meðferðarsviðs/geðheilsuteymis að mestu leyti. Sum verkefni eru unnin í samstarfi þar sem þau varða bæði heilsu (geðheilsu/heilsugæslu) og öryggisþætti (fangelsið) og er verklagið í kringum slík verkefni komin að miklu leyti í skýran farveg. |
| Skilgreina verklag og ábyrgð innan fangelsanna með hliðsjón af nýju geðheilsuteymi. | Aðgerð hafin | Hafinn er vinna við endurskipulagningu á náminu í samstarfi við mennta- og barnamálaráðuneytið. |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 2 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Gera þarfagreiningu og kostnaðaráætlun til að sporna gegn dreifingu og neyslu vímugjafa á Litla-Hrauni. | Komin vel á veg | Nauðsynlegar endurbætur og uppbygging á Litla-Hrauni eru hafnar og gert er ráð fyrir að framkvæmdum ljúki á miðju ári 2023. |
| Vinna að breytingum á eigin kerfum og samtengingu þeirra sem gerir mögulegt að flytja gögn rafrænt þvert á stofnanir réttarvörslukerfisins. Þáttaka í verkefnum um réttarvörslugátt. | Aðgerð hafin | Vinna við rafrænan gagnaflutning á milli kerfa er hafin í gegnum verkefnið um réttarvörslugátt og er unnið að áframhaldandi tengingum eftir því sem málategundum sem fara í gegnum kerfið fjölgar. |
| Orkusparnaður og umhverfisvænni lýsing í fangelsum landsins. Fjölgun rafmagnshleðslustöðva. Allir bílar drifnir áfram af umhverfisvænum orkugjöfum. | Komin vel á veg | Stór skref á Hólmsheiði tekin í led-lýsingu og unnið að því að skipta út í öðrum rekstrareiningum. Búið er að setja upp fjórar hleðslustöðvar fyrir bíla og átta eru í lokafasa og þrjár bifreiðar eru rafdrifnar. |

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

| Aðgerðir sem styðja við markmið 3 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Áfram er unnið að tengingu upplýsingakerfis allra stofnana réttarvörslukerfisins í gegnum nýtt samskiptalag. Mun það bæta yfirsýn og samfellu málsmeðhöndlunar, auka hagkvæmni, skilvirkni og upplýsingagjöf, auðvelda tölfræðivinnslu og stórauka gagnaöryggi. | Aðgerð hafin | Vinna við rafrænan gagnaflutning á milli kerfa er hafin í gegnum verkefnið um réttarvörslugátt og er unnið að áframhaldandi tengingum eftir því sem málategundum sem fara í gegnum kerfið fjölgar. |

Ekki hafin · Undirbúningur hafinn · Aðgerð hafin · Komin vel á veg · Lokið

# Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis Málefnasvið 10

## Verkefni/aðgerðir

| Málaflokkar | Staða og fjöldi aðgerða | | | | | Samt. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Aðgerð ekki hafin | Undirbúningur hafinn | Aðgerð hafin | Aðgerð komin vel á veg | Aðgerð lokið | |
| 10.1 Persónuvernd | | 1 | | 2 | 1 | 4 |
| 10.3 Sýslumenn | | 1 | 1 | 3 | | 5 |
| 10.5 Útlendingamál | | | 2 | 2 | 1 | 5 |
| **Samtals aðgerðir** | **0** | **2** | **3** | **7** | **2** | **14** |

Aðgerð ekki hafin · Undirbúningur hafinn · Aðgerð hafin · Aðgerð komin vel á veg · Aðgerð lokið



# **Persónuvernd** Málefnasvið 10.1

## **Markmið 1:** Stytting málsmeðferðartíma.

| **Mælikvarðar fyrir markmið 1** | **Raun 2020** | **Viðmið 2021** | **Raun 2021** |
|---|---|---|---|
| Málmeðferðartími (skipt eftir flokkum mála). | *Kvartanir, frumkvæðismál og úttektir:* 37,1% lokið innan 1 1/2 árs. | 60% mála afgreidd innan eins og hálfs árs. | 45% mála afgreidd innan 18 mánaða. |
| Fjöldi mála til afgreiðslu. Um 25% aukning mála milli áranna 2017 og 2018. | *Nýskráð mál2020:* 2518. Endanlegar tölur um mál til meðferðar 2020 liggja ekki fyrir þar sem ársskýrsla 2020 hefur ekki verið gefin út. | *Ný mál:* 2.600<br>*Óafgreidd mál í árslok:* 750 | *Nýskráð mál 2021:* 2.479<br>*Óafgreidd mál í árslok:* 582 |

## **Markmið 2:** Aukin ánægja viðskiptavina með þjónustu og gæði hennar.

| **Mælikvarðar fyrir markmið 2** | **Raun 2020** | **Viðmið 2021** | **Raun 2021** |
|---|---|---|---|
| Viðhorf til Persónuverndar (þjónustukönnun á vegum FJR). | *Heildaránægja með þjónustu:* 3.5/5<br>*Reynsla af viðmóti:* 3,5/5<br>*Áreiðanleiki upplýsinga:* 3,9/5<br>*Hraði þjónustu:* 3,0/5<br>*Heildaránægja með stafræna þjónustu:* 3,4/5 | *Jákvæðni:* 60%<br>*Þekking:* 27,8% | *Jákvæðni:* 48,6%<br>*Þekking:* 37,2% |

**Markmið 3:** Greinarbetri upplýsingagjöf um réttindi einstaklingameð greinargóðri upplýsingagjöf stjórnvalda.

| Mælikvarðar fyrir markmið 3 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|
| Skor í ÚT úttekt á gæðum vefsíðu fari ekki undir 80 af 100. | Mælikvarða breytt þar sem aðferðarfræði matsins er önnur en áður og tölurnar ekki sambærilegar. | 85 | 96,2% í lok árs 2021 skv. úttekt Siteimprove.com. |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Aukning sjálfsafgreiðslu í gegnum vefsíðu. | Komin vel á veg | Rafrænt kvörtunareyðublað unnið í samstarfi við Stafrænt Ísland. Fyrirhugað að taka í notkun í maí/júní 2022. |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 2 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Úttektarstefna verði fullbúin og framkvæmd. Stefnt er að reglulegum úttektum á fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum. Áætluð verlok, vor 2021. | Lokið | Úttektarstefna fyrir 2022 birt í nóvember 2021. Málsmeðferðarreglur Persónuverndar samþykktar í nóvember 2021. Viðvarandi verkefni. |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 2 og 3 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Fræðslustefna fullbúin og framkvæmd. | Undirbúningur hafinn | Undirbúningur hafinn að fræðslustefnu með útgáfu og sendingu bæklinga í skóla ásamt umræðupunktum fyrir kennara. Stefnt að lokum síðari hluta árs 2022. |
| Námsefni sem nota á í aðalnámskrá leik-, grunn- og framhaldsskóla útbúið. | Undirbúningur hafinn | Undirbúningur hafinn meðal annars með samtali við menntamálaráðuneytið og þátttöku í samstarfshópi með Umboðsmanni barna og Fjölmiðlanefnd um stafræn réttindi barna. |

Ekki hafin · Undirbúningur hafinn · Aðgerð hafin · Komin vel á veg · Lokið

| Aðgerðir sem styðja við markmið 3 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Fræðsla vegna Evrópulöggjafar á sviði Persónuverndar þar sem upplýst er m.a. um réttindi einstaklinga og skyldur fyrirtækja og stofnana svk. hinu nýja regluverki. | ● | Allt fræðsluefni yfirfarið á vefsíðu árið 2021. Fræðsluefni bætt við og uppfært eftir því sem þörf er á. Viðvarandi verkefni. |

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## Sýslumenn Málefnasvið 10.3

### **Markmið 1:** Bætt ímynd sýslumannsembættanna.

| Mælikvarðar fyrir markmið 1 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|
| Ánægja viðskiptavina (hlutfall þeirra sem eru mjög ánægðir, frekar ánægðir og hvorki né). | 81% | 83% | 84% |
| Traust almennings (hlutfall þeirra sem bera fullkomið traust, mjög mikið traust, frekar mikið traust eða hvorki né). | | 89% | 90% |

### **Markmið 2:** Að bæta stafræna þjónustu sýslumanna.

| Mælikvarðar fyrir markmið 2 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi stafrænna umsókna (eyðublöð og sjálfsafgreiðsla). | | Viðmið sett. | 83% |
| Hlutfall rafrænna færslna í sjálfvirka þinglýsingu. | | 50% | 57% |

**Markmið 3:** Að efla samræmda málsmeðferð.

| Mælikvarðar fyrir markmið 3 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi daga í afgreiðslu erinda (flokkað eftir málaflokkum í starfskerfunum). | | Viðmið sett. | 76 |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Innleiðing rafrænna þinglýsinga. | Komin vel á veg | Lokið var við forritun vefþjónustu fyrir rafrænar aflýsingar, Covid-19 skilmálabreytingar og veðsetningar og þær teknar í notkun yfir árið. Um er að ræða fyrstu áfanga af mörgum sem boðið verður upp á að þinglýsa með rafrænum hætti. |
| Umbótaverkefni á grundvelli niðurstöðu endurmats útgjalda. | Komin vel á veg | Skýrslan um sýslumenn - Framtíðarsýn; Umbætur á þjónustu og rekstri, var gefin út í mars 2021 en hún byggir að hluta á gögnum sem greining fyrri ára við endurmat útgjalda skilaði ráðuneytinu. Áfram var unnið með þau umbótaverkefni sem nefnd eru í skýrslunni, ásamt því að samráð var haft við önnur ráðuneyti með það að markmiði að efla sýslumannsembættin með betri nýtingu starfsstöðva og nýjum verkefnum. Þá stóð Sýslumannaráð jafnframt að útboði tölvurekstur embættanna og flutti þjónustuna frá Þjóðskrá Íslands. |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 2 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Innleiðing stafrænnar stjórnsýslu í öðrum málaflokkum en þinglýsingum. | Aðgerð hafin | Á árinu var opnað fyrir stafræna umsókn og samning um breytingu á lögheimili barns, stafrænar umsóknir um gisti-, veitingastaða- og tækifærisleyfi, meistarabréf og staðfestingu á vinnutíma frá meistara, áfengisleyfi og fullnaðarökuskírteini, ásamt því að útgáfa og innlögn lögmannsréttinda var fært yfir í rafrænt form. Ýmsar beiðnir voru að auki færðar yfir í rafrænt form og ber þar helst að nefna beiðni um könnun hjónavígsluskilyrða fyrir hjúskap erlendis, niðurfellingu vanrækslugjalds og endurupptöku ákvörðunar um álagningu vanrækslugjalds. Þá var jafnframt unnið að úrbótum á kerfi fyrir sjálfsafgreiðslu sakavottorða og tengingu við Strauminn (X-Road) og vefþjónustu Landlæknis vegna stæðiskorta og dánarvottorða. |

Ekki hafin · Undirbúningur hafinn · Aðgerð hafin · Komin vel á veg · Lokið

| Aðgerðir sem styðja við markmið 2 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Endurskoðun löggjafar um stærstu málaflokkana. | ● (Undirbúningur hafinn) | Möguleikar fyrir breytta framkvæmd fullnustumála voru greindir ásamt því að unnið var að endurskoðun þinglýsingalaga m.t.t. rafrænna þinglýsinga skuldaviðurkenninga. |
| Úrbætur á starfskerfum, þar á meðal forritun nýrra kerfa og verkbókhalds, og endurskoðun vefsíðu sýslumanna. | ● (Komin vel á veg) | Ný vefsíða sýslumanna var opnuð og hún færð yfir á island.is með bættu aðgengi að rafrænni þjónustu, þ. á m. notkun spjallmennis og netspjalls við starfsmenn. Á árinu tengdust sýslumenn umsóknarkerfi Ísland.is sem gerir þeim kleift að útbúa rafrænar umsóknir í stað pdf-eyðublaða. Þar var unnið frekar að uppbyggingu leyfisveitingakerfi sýslumanna samhliða undirbúningi að birtingu rekstrarleyfa á vef sýslumanna. Unnið var að forritun nýrra vefþjónusta ofan á starfskerfi sýslumanna, sem mun auðvelda tengingar við aðrar opinberar skrár og vefsíður, og rafrænum undirskriftarbúnaði bætt við virkni kerfisins svo unnt yrði að rafrænt undirrita og innsigla skjöl sem verða til í kerfunum. Á árinu hófu sýslumenn að auka birtingu gagna á pósthólfi einstaklinga á Ísland.is og þá sérstaklega á sviði fjölskyldumála. Samhliða voru starfskerfi sýslumanna í áframhaldandi þróun, nýjum kerfiseiningum bætt við og úrbætur framkvæmdar á fyrri kerfum eftir þörfum. |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 3 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Samræming verkferla og viðmið ákveðin fyrir málsmeðferðartíma. | ● (Komin vel á veg) | Samhliða greiningu á kerfisþörfum var unnið að samræmingu verklags og ferla hjá sýslumönnum. Verklagsreglur fyrir fjölskyldumál og meðferð umsókna um ökuskírteini voru teknar í notkun. |

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

## Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis Málefnasvið 10.4

**Markmið 1:** Réttindi einstaklinga séu gerð skýr og aðgengileg með greinargóðri upplýsingagjöf stjórnvalda.

| Mælikvarðar fyrir markmið 1 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|
| Réttarvörslugáttin - rafvæðing réttarvörslukerfisins. | *Málategundir:* 1<br>*Fjöldi stofnana:* 2<br>*Fjöldi notenda:* 53 | | *Málategundir:* 1<br>*Fjöldi stofnana:* 16<br>*Fjöldi notenda:* 160 |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 | Framkvæmt 2021 |
|---|---|
| Réttarvörslugáttin - áfram unnið að samtengingu kerfa, stofnana í réttarvörslukerfinu og hagaðila. | ● Samið við hugbúnaðarteymi til þess að hefjast handa við smíði gáttar, byggt á vinnustofum og undirbúningsvinnu verkefnahópsins. Frumútgáfan í loftið á árinu og seinni hluta árs voru fyrstu raunveruleg mál farin að flæða á milli stofnana. Jafnt og þétt unnið að því að bæta við notendum. Grunnur lagður að næstu málategundum og því mun fjöldi tegunda mála, stofnana og notenda mála aukast verulega á árinu 2021. |
| Endurmat útgjalda umbótaverkefni úr skýrslu. | ● Skýrslan “Sýslumenn framtíðarsýn; umbætur á þjónustu og rekstri” var gefin út í mars 2021. Haldið áfram með umbótaverkefni. |

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

# Útlendingamál Málefnasvið 10.5

## **Markmið 1:** Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda.

| Mælikvarðar fyrir markmið 1 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|
| Fjöldi daga þar til niðurstaða í dvalarleyfi liggur fyrir. | 97 | 40 | 74* |
| Fjöldi daga þar til niðurstaða í umsókn um alþjóðlega vernd liggur fyrir. | 130 | *ÚTL:* 90<br>*KNÚ:* 90 | *ÚTL:* 89<br>*KNÚ:* 74 |
| Fjöldi einstaklinga í þjónustu. | 445 | 450 í lok árs. | *ÚTL:* 735 í lok árs. |

## **Markmið 2:** Aukin ánægja viðskiptavina með þjónustu og gæði hennar.

| Mælikvarðar fyrir markmið 2 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|
| Rafræn þjónusta verði nýtt í auknum mæli til að taka við umsóknum um endurnýjun dvalarleyfa og ríkisborgararétt. | Unnið við að koma ríkisborgaraumsóknum í gang stafrænt. Búið að setja umsóknirnar upp í prófunar-umhverfi en það hefur ekki komið nægjanlega vel út og hefur verið unnið að lagfæringum. Þá hefur efni varðandi ríkisborgararétt verið þýtt yfir á ensku. | 30% | Ekki hafið. |

**Vegna Covid-19 töfðust mörg mál vegna erfiðleika umsækjenda við gagnaöflun.*

**Markmið 3:** Réttindi einstaklinga séu gerð skýr og aðgengileg með greinargóðri upplýsingagjöf stjórnvalda.

| Mælikvarðar fyrir markmið 3 | Raun 2020 | Viðmið 2021 | Raun 2021 |
|---|---|---|---|
| Niðurstaða í skönnun opinberra vefja. | Mælikvarða breytt þar sem aðferðarfræði matsins er önnur en áður og tölurnar ekki sambærilegar. | | Stafrænt Ísland framkvæmdi ekki þessa könnun árið 2021. |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 og 2 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Val og innleiðing samræmdra gagnagrunns- og upplýsingakerfa aðila er starfa við útlendingamál. | ● (Aðgerð hafin) | Þarfagreining kláruð sem og mögulegar lausnir skoðaðar. Við upphaf árs 2022 fór af stað pilot verkefni til að skoða fýsileika þess að notast við staðlaðar Microsoft-lausnir. Því verkefni er lokið og unnið að næstu skrefum við val og innleiðingu á nýju gagnagrunns- og upplýsingakerfi. |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 1 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Greining á nauðsynlegum aðgerðum vegna vistunar útlendinga sem bíða flutnings úr landi. | ● (Aðgerð hafin) | Í vinnslu. |

| Aðgerðir sem styðja við markmið 2 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Rafrænar umsóknir á island.is | ● (Komin vel á veg) | Umsókn um íslenskan ríkisborgararétt varð rafræn í janúar 2022. Unnið er að því að umsókn um endurnýjun á dvalarleyfi verði rafræn. Gert ráð fyrir að endurnýjanir verði orðnar rafrænar fyrir mitt ár 2022. |
| Undirbúningur innleiðingar árangurs- og gæðastjórnunar. | ● (Komin vel á veg) | Verklög hafa verið endurskoðuð og uppfærð. Unnið er að undirbúningi og framkvæmd innra eftirlits í formi áhættumata við gerð innri úttekta. |
| Innleiðing viðmiða og lykilhæfnisvísa til að hámarka árangur og gæði afgreiðslu erinda. | ● (Komin vel á veg) | Innleidd hafa verið ákveðin gæðaviðmið um staðfestingarhlutföll og afgreiðslutíma. Unnið er að undirbúningi og framkvæmd innra eftirlits sem mun þróa þetta áfram. |

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

| Aðgerðir sem styðja við markmið 3 | | Framkvæmt 2021 |
|---|---|---|
| Stöðugar umbætur á vefsíðu stofnunar. | ● (Komin vel á veg) | Verið er að leggja lokahönd á nýja vefsíðu stofnunarinnar hjá Íslandi.is. Gert ráð fyrir að nýja heimasíðan verði komin að fullu í loftið fyrir mitt ár 2022. |
| Stöðugar umbætur í upplýsingagjöf um eðli og starfsemi stofnunarinnar. | ● (Lokið) | Í stöðugri vinnslu. Mikil áhersla hefur verið lögð á öfluga upplýsingagjöf bæði á heimasíðu stofnunarinnar og góðum samskiptum við fjölmiðla og aðra haghafa. |

● Ekki hafin ● Undirbúningur hafinn ● Aðgerð hafin ● Komin vel á veg ● Lokið

# Yfirlit yfir ráðstöfun varasjóða

## Yfirlit um ráðstöfun varasjóða

### Ráðstöfun varasjóða á árinu 2021

| 2.2 Dómstólar (06.998.110) | Upphæð í m.kr |
|---|---|
| Staða varasjóðs í upphafi | 45,1 |
| Tekjufært framlag | 37,1 |
| **Staða varasjóðs í lok árs** | **82,2** |

| 9.1 Löggæsla (06.998.115) | Upphæð í m.kr |
|---|---|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 46,2 |
| Tekjufært framlag | 103,9 |
| Frestaðar framkvæmdir | 60 |
| Millif. af varasjóði | -79,7 |
| Rekstrar- og launakostnaður | -45 |
| **Staða varasjóðs í lok árs** | **85,4** |

| 9.2 Landhelgi (06.998.120) | Upphæð í m.kr |
|---|---|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 0 |
| Tekjufært framlag | 3,3 |
| Millifært milli fjárlagaliða | |
| Fjáraukalög | |
| **Staða varasjóðs í lok árs** | **3,3** |

| 10.4 Stjórnsýsla DMR (06.998.1250) | Upphæð í m.kr |
|---|---|
| Staða varasjóðs í upphafi árs | 0 |
| Breyting vegna fyrra árs (niðurfelld staða) | 0 |
| **Staða varasjóðs í lok árs** | **0** |



## 2 Dómstólar

Varasjóður dómstóla var styrktur um 37,1 m.kr. á árinu.

## 9.1 Löggæsla

Varasjóður löggæslu var styrktur um 103,9 m.kr. á árinu, auk þess sem 60 m.kr. voru færðar á varasjóð vegna frestaðra verkefna. Ráðstafað var úr sjóðnum sem nam 124,7 m.kr. sem skiptist í þrennt. Í fyrsta lagi 10 m.kr. til styrkingar rannsóknardeild LRH, 3 m.kr. til Bjarmahlíðar, í öðru lagi 45 m.kr. til að mæta auknum rekstrar- og launakostnaði lögreglu og þriðja lagi 66,7 m.kr. til að mæta hallarekstri.

## 9.2 Landhelgi

Varasjóður landhelgi var styrktur um 3,3 m.kr. á árinu.

# Frávikagreining og yfirlit yfir árslokastöðu ríkisaðila

## Skýringar á helstu frávikum ríkisaðila og árslokastaða

Í frávikagreiningu málefnasviða og málaflokka var gerð grein fyrir stöðu dómstólanna, löggæslunnar, stjórnsýslu dómsmálaráðuneytisins og útlendingamála.

Töluverður afgangur er hjá loftrýmiseftirliti Landhelgisgæslunnar vegna framkvæmda sem færðust yfir áramót og eins hefur Ísland ekki samþykkt kostnaðaráætlun vegna NATO ACCS verkefnis.



## Uppsafnað frávik




*Fjárhæðir í milljónum króna*

**Stjórnarráð Íslands**
Dómsmálaráðuneytið